

## UMSÖGN

**Viðtakandi:** Umhverfis- og skipulagsráð

**Sendandi:** Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar

---

### ***Tillaga fulltrúa í ungmennaráði Kjalarness um fjölgun stöðvunarskýla Strætó á Kjalarnesi og betri samrýmingu á strætóleiðum***

Á fundi borgarstjórnar og Reykjavíkurráðs ungmenna þann 8. febrúar 2022 var lögð fram svohljóðandi tillaga Reginu Bergmann Guðmundsdóttur, fulltrúa í ungmennaráði Kjalarness:

*Lagt er til að borgarstjórn samþykki að beina því til stjórnar Strætó bs. að kanna fyrir árslok 2022 möguleika á fjölgun strætóskýla á Kjalarnesi til að auðvelda samgöngur til Mosfellsbæjar og Reykjavíkur auk þess sem nauðsynlegt er að samrýma ferðir leiðar 29 við aðrar leiðir Strætó bs.*

Samþykkt var að vísa tillögunni til meðferðar skipulags og samgönguráðs

Umsögn:

Því miður tókst ekki að veita umsögn með tillögunni fyrr en nú en nýtt ungmennaráð hefur tekið til starfa. Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar fundaði, ásamt Strætó, með nýja ungmennaráðinu í nóvember. Á fundinum komu fram ýmsar tillögur og ábendingar frá ungmennaráðinu til Reykjavíkurborgar og Strætó. Strætó fer yfir þær tillögur sem komu frá ungmennaráðinu, m.a. aukin tíðni ferða og mögulegar fleiri stöðvar við þjóðveginn. Þar sem að Vegagerðin rekur strætóferðir á landsbyggðinni mun Strætó taka þessar ábendingar og ræða þær við Vegagerðina. Þær ábendingar sem beinast að leið 29 mun Strætó ræða innanhúss og leita leiða til að bæta almenningssamgöngur á Kjalarnesi.

Virðingarfyllst,  
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir  
*starfandi samgöngustjóri*